

Nd.

552. Breytingartillögur

[261. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. 2. gr. hljóði svo:
Á eftir 4. gr. laganna komi ný gr., sem verði 5. gr. og orðist svo:
Þegar um er að ræða starf, sem karlar hafa valist til fremur en konur, skal að öðru jöfnu veita konu starfið. Hið sama gildir, ef konur hafa fremur valist til starfsins en karlar, og skal þá karli að öðru jöfnu veitt starfið.
Gildir þetta jafnt um embættisveitingar ríkis og sveitarfélaga og á hinum almenna vinnumarkaði.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
5. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Aftan við 11. gr. laganna, sem verði 12. gr., bælist:
Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði.